



Ársskýrsla Fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga mars 2019 Starfsárið 2018 – 2019

Félagafjöldi: 217 einstaklingar eru skráðir í fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga 31. desember 2018. Fjölgun frá 2017 er því 9 manns.

Stjórn fagdeildar á starfsárinu 2018-19: Hlíf Guðmundsdóttir formaður, Kristín María Þórðardóttir ritari, Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir gjaldkeri, Sigrún Bjartmarz og Þórunn Bjarney Garðarsdóttir meðstjórnendur, María Fjóra Harðardóttir varamaður.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári 2018-19:

Breytingar á stjórn:

Hlíf Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér aftur sem formaður.

Þórunn Garðarsdóttir og Sigrún Bjarmars hafa setið í 6 ár og hætta í stjórn.

María Fjóra Harðardóttir gaf sig fram til formanns

Kristín María Þórðardóttir gaf sig fram til tveggja ára og Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir situr áfram sitt annað starfsár.

Þrjú nýir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér í stjórn.

Ný stjórn fagdeildar 2019-20:

María Fjóra Harðardóttir formaður

Kristín María Þórðardóttir

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir

Elínborg Jóna Ólafsdóttir
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir

Kristín Þórarinsdóttir

Vantar einn í stjórn og mun stjórn skoða það í haust. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar.

Félagsgjald: Félagsgjald verður óbreytt 2019-20 - 2000 kr.

Stjórnarfundir: Stjórnarfundir voru haldir annan þriðjudag í hverjum mánuði. Samtals hafa verið haldnir 6. stjórnarfundir á starfsárinu, ásamt fjölda funda vegna ráðstefnu Dagur öldrunarþjónustu 2018.

Erlent samstarf

Fagdeildin hefur ekki haft formlegt samstarf erlendis á árinu en stefnt er að ferð stjórnar á ráðstefnu á næsta starfsári.

Innlend starfsemi:

- Stjórn fagdeildar hefur að öllu jöfnu farið eina ferð á ári til að kynna sér öldrunarmál vítt og breytt um landið fyrir styrk frá Fíh. Farið var til Vestmannaeyjar 5-6 apríl vorið 2018. Stjórn fékk góða kynningu á sjúkrahúsinu, heilsugæslu og heimahjúkrun og hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum. Stjórn Fagdeildar bauð upp á fræðslu um óráð og líknameðferð fyrir alla hjúkrunarfræðinga í Vestamanneyjum og fræðslu og ráðgjöf um RAI mat fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu í Vestmannaeyjum.
- Jólahittingur fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga var föstudaginn 23. nóvember 2018 í húsi dagþjálfunar Múlabæjar. Þórunn Bjarney bauð upp á skoðunarferð um húsnaðið – fengin var leynigestur sem hristi vel upp í öldrunarhjúkrunarfræðingum og Svavar Knútur söng sig inn í hjörtu okkar.
- Dagur öldrunarþjónustu var haldin í annað sinn á vegum fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga Fíh og fagráðs í öldrunarhjúkrun á LSH haust 2018 í samstarfi við Öldrunarfræðafélag Íslands. Gestafyrirlesarar voru Joyce Simard, félagsráðgjafi og Ladislav Volice öldrunarlæknir (sjá fylgirit 1).

Styrkir til fagdeildarmeðlima

Fagdeildin auglýsir eftir styrkjum til fagdeildarmeðlima einu sinni á ári eða 15. janúar ár hvert. Alls bárust 3 umsóknir og fengu allir styrk. Eftirfarandi aðilar fengu styrki:

1. Dagný Hængsdóttir: The 24th Nordic Congress of Gerontology 2-4 maí
2. Hjördís Halldóra Sigurðardóttir: Vorfundur FSÍÖ á Höfn í Hornafirði
3. Elfa Þöll Grétarsdóttir: Stofnþing Namaste International Friday 5th October 2018

Samskipti við félagsmenn í fagdeild

Reglulega hafa verið sendir tölvupóstar til fagdeildarmeðlima.

Fésbókarsíða fagdeildar var notuð til að deila áhugaverðum upplýsingum í öldrunarhjúkrun, <https://www.facebook.com/groups/464050863802084/>. Síðan er opin fyrir alla sem hafa áhuga á öldrunarhjúkrun en ekki eingöngu fagdeildarmeðlimi.

Reykjavík 22. maí 2019

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga

Hlíf Guðmundsdóttir formaður fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga hjá Fíh.

Fylgirit 1:



HRUMLEIKI - FRUMLEIKI

Fjölþætt viðfangsefni og áskoranir í öldrunarþjónustu
krefjast fjölþættra lausna

DRÖG AÐ DAGSKRÁ

8:30 Setning og tilnefning fundarstjóra

Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra og formaður fagdeildar öldrunarhjúkrunar

8:40 Ávarp

Alma Möller, landlæknir flytur ávarp

8:50 Living Not Just Existing with Advanced Dementia

Gestafrýrlesari: Joyce Simard, félagsráðgjafi

9:20 Palliative care for persons with dementia

Gestafrýrlesari: Ladislav Volicer, öldrunarlæknir

9:50 Morgunkaffi

10:20 Hvað einkennir mjaðmabrotahóp AGES-Reykjavík

skoðað út frá D-vítamíni og beinþéttni
Sigrún Sunna Skúladóttir, bráðahjúkunarfræðingur MS og doktorsnemi

10:30 Betur má ef duga skal: Nýjar og eldri aðferðir til að

fyrirbyggja byltur sjúklinga á sjúkrahúsum
Eygló Ingadóttir, hjúkunarfræðingur og verkefnastjóri f.h. byltuvarnarhóps

10:40 Byltuhætta - tilvísun í úrræði eftir komu á

bráðamóttöku, dag- eða göngudeild
Konstantín Shcherbak, sérfræðilæknir í öldrun og Anna Björg Jónsdóttir, sérfræðilæknir í öldrun

10:50 Innleiðing klínískra leiðbeininga um óráð á Landspítala

Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra, Elfa Þöll Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra, Steinunn Anna Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun

11:00 Ráðgefandi hjúkunarfræðingar á bráðamóttöku

Ingibjörg Sigurþórsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun fyrir hönd BÖR hjúkunarfræðinga á Landspítala

11:10 Álag og streita - áhrif á gæði þjónustu. Verkfærið ABC virkar!

Rebekka Ingadóttir og Dagný Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjórar á Hrafnistu

11:20 Breytingar til batnaðar – Iðjuþjálfun, Hrafnista í Hafnarfirði

Harpa Björgvinsdóttir, deildarstjóri iðjuþjálfunar og Geirlaug D Oddsdóttir, aðstoðardeildarstjóri iðjuþjálfunar

11:30 Sérhæfð hjúkunarþjónusta á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Landspítala og Velferðarráðuneytis

Jórunn Frímansdóttir, forstöðumaður Droplaugarstöðum og Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri

11:40 Styrktarþjálfun með velferðartækni í heimahúsum -

svar við áskorunum í öldrunarþjónustu í dag
Steinunn Leifsdóttir, M.Sc. í þrótafræði

12:00 Hádegismatur og veggspjaldakynning

13:00 Málstofa með styrkþegum úr Vísindasjóði

Öldrunarfræðafélags Íslands í tilefni 45 ára afmælis félagsins

14:00 Heilsugæsla eldra fólks – öldrunarráðgjafi á hverri

heilsugæslustöð. Tilraunaverkefni á HH
Margrét Hákonardóttir, hjúkunarfræðingur

14:10 Vandí öldrunarþjónustunnar: Einfaldar lausnir við flóknum vandamálum

Pálmi V. Jónsson yfirlæknir öldrunarlækninga á LSH

14:20 Kynning á skýrslu KPMG er varðar RAI-mælitækið í öldrunarþjónustu

Jórlaug Heimisdóttir og Ragnheiður Arnardóttir, verkefnastjórar hjá Embætti Landlæknis

14:40 Kynning á verkefnavinnu og stefnumótun hjá Velferðarráðuneyti

Fulltrúi frá Velferðarráðuneyti Íslands

15:10 Fundarslit

María Fjóra Harðardóttir, framkvæmdastjóri heilbrigðisviðs Hrafnistu og formaður undirbúningnefndar

15:15 Gaman saman – Happy hour

Fundarstjórar

Fyrir hádegi: Anný Lára Emilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun
Eftir hádegi: Helga Atladóttir, hjúkrunardeildarstjóri